

Yfirlýsing um ábyrgð á meðferð og varðveislu gagna við vísindarannsóknir innan HH

Vísindanefnd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (Vís-HH)

Tilgangur

Markmið þessa skjals er að tryggja að ábyrgðaraðili vísindarannsóknar geri grein fyrir meðferð, varðveislu og eyðingu heilbrigðisupplýsinga sem aflað er eða verða til við framkvæmd rannsóknar innan HH, í samræmi við lög nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og samþykki Vísindasiðanefndar.

Ábyrgð ábyrgðaraðila rannsókna

Með undirritun staðfestir ábyrgðaraðili að rannsóknaráætlun verði fylgt í hvívetna og að ekki verði hafist handa við gagnasöfnun eða úrvinnslu gagna fyrr en öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir, þar á meðal samþykki skráarhaldara ef við á.

Ábyrgðaraðili skuldbindur sig til að senda allar fyrirhugaðar breytingar á rannsóknaráætlun til Vísindanefndar HH og til annarra viðeigandi stofnana sem veitt hafa leyfi.

Varðveisla og eyðing gagna

Merkið við það sem á við **rannsóknina**:

- ☐ Gögn verða varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni eða safni heilbrigðisupplýsinga.
- ☐ Gögn verða gerð ópersónugreinanleg að rannsókn lokinni.
- ☐ Gögnum verður eytt að rannsókn lokinni.

Ef gögn verða varðveitt til frambúðar, skal það gert í samræmi við samþykki og ákvæði laga nr. 44/2014. Sérstakt leyfi þarf fyrir flutningi gagna í lífsýnasafn eða safn heilbrigðisupplýsinga.

Undirritun ábyrgðaraðila rannsókna

Nafn:

Kennitala:

Rannsóknarheiti:

Dagsetning:

Undirskrift: